

40% afsláttur

KJARVAL

25% afsláttur

2949 KR. KG
Móa kjúklinga-bringur

1339 KR. KG
SS Hunts BBQ grísakótelettur

25% afsláttur

398 KR. STR.
Göðu ostapylsur & Bratwurst grillpysur

298 KR. STR.
Göl salami 300g ítölsk eða dönsk

1 lítri

298 KR. STR.
Emmess 1 l. Skafis 3 teg.

289 KR. PK.
GM Cheerios 397 g

299 KR. STR.
HD 100% ávaxtasafar 2 l.

2 lítrar

249 KR. STR.
Myllu heimilsbrauð

259 KR. PK.
Homeblest twin pack

299 KR. PK.
Nesquik kakó áfylling

499 KR. PK.
Rífsber box 250 g

349 KR. PK.
Sveppir box 250 g

159 KR. STR.
Hunts BBQ sósur

- Þín tilboð í Kjarval -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Starfsmann vantar

vegna Kammertónleikanna á Kirkjubæjarklaustri sem haldnir verða dagana 8. 9. og 10. ágúst n.k.

*Nánari upplýsingar veitir formaður
Menningarmálanefndar
Þórunn Júlíusdóttir
í síma 863-6106 eða 487-4810.*



Þetta er hann Moli sem hvarf fyrir rúmum mánuði. Hans er sárt saknað. Ef einhver hefur séð hann er viðkomandi beðin að hringja í síma 557-5733 eða 895-5738.

Golfáhugafólk athugið...

Það verður vinnukvöld á golfvöllinum þriðjudagskvöldið 15. júlí kl. 20:00

Vonumst til að sjá sem flesta Kveðja Stjórnin



VITINN á www.sudurland.net

VÍSUR VIKUNNAR

Sæktu fram með dáð og dug, djörfu viljans taki. Yfir þínum heiða hug heilladísir vaki.

Það er viðkvæmt vandamál og vafasamt til bóta að meta unga meyjarsál mest af leikni fóta.

Höfundur: Eiríkur Einarsson Réttarholti í Reykjavík, f. 1891 - d. 1973 í Suður-Hvammi í Mýrdal, bóndi á Brunnastöðum á Vainsleysuströnd, síðar í Réttarholti í Reykjavík. Foreldrar: Einar Þorsteinsson bóndi í Suður-Hvammi og kona hans Ingveldur Eiríksdóttir.

28. TBL. 12. ÁRGANGUR MIÐVIKUDAGINN 9. JÚLÍ 2008

II. Unglingalandsmót UMFÍ í Þorlákshöfn 1. - 3. ágúst 2008

USVS hvetur til myndarlegrar þátttöku á Unglingalandsmót sem nú er orðinn árlegur viðburður um verslunarmannahelgina.

Unglingalandsmót UMFÍ er vímuefnalaus fjölskylduhátíð þar sem börn og unglingar á aldrinum 11 - 18 ára reyna með sér í fjölmörgum íþróttagreinum. Samhliða er boðið upp á fjölbreytta afþreyingu, leiki og skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Unglingalandsmótin hafa hvarvetna vakið mikla athygli og þeir fjölmörgu sem þau hafa sótt, hafa verið öðrum til mikillar fyrirmyndar með allri framkomu hvort sem er í keppni eða leik. Unglingalandsmótin eru klárlega með stærri íþróttaviðburðum á Íslandi ár hvert og eru nú orðin árlegur viðburður um verslunarmannahelgina

Keppnisgreinar Unglingalandsmóts eru: Frjálsar íþróttir, glíma, hestaíþróttir, knattspyrna, krakkablað, körfuknattleikur, motocross, skák, golf og sund.

Fjör fyrir yngstu gestina s.s. fjörkálfa klúbbur 6-10 ára og Sprelligosaklúbbur 5 ára og yngri.

Skráning á mótið fer fram hjá Inger Schiöth á netfangið usvs@mmedia.is þar sem fram verður að koma: nafn keppanda og kennitala, heimilisfang og símanúmer, keppnisgreinar og síðast en ekki síst nafn forráðamanns eða tengiliðs sem verður með í för. Síðasti dagur til skráningar er þriðjudagurinn 29. júlí n.k.

Heimasíða ULM er <http://www.umfi.is/umfi/unglingalandsmot/>



Myndina tók Jónas Eiríðsson þegar Unglingalandsmót UMFÍ var í Vík 2005

FÓLKID UNDIR JÖRÐINNI

Einu sinni var fátækur maður sem átti fjölda barna. Hann var siðsamur og guðhræddur. Eitt haust var hann matarlítill og fór til kaupstaðar að sækja korn á bakinu, en vegurinn var tvær dagleiðir. Á heimleiðinni gjörði á fjúk og dimmviðri svo maðurinn villtist.

Þá kom hann að stórum steini og var skúti undir á einum stað. Þar lagðist maðurinn niður, sneri sér frá berginu og vildi biða dags. Um nóttina varð hann þess var að hann valt oftan eftir. Hann stóð upp og var þar í niðamyrkri; þó hann þreifði fyrir sér fann hann allt tómt. Rólaði hann þá áfram og fann hæð nokkra mjög sleipa; þar klifraði hann yfir og sér nú ljóstíru í fjarska. Hann gekk á tíruna; hverfur hún ýmist eða bregður fyrir. Hann gengur þar til hann kemur að vatni og sér að tíran er hinumegin.

Nú kallar hann og biður sækja sig. Skömmu seinna kemur maður á báti, tekur hann og flytur yfrum. Þar voru nokkrir menn er veiddu silung úr vatninu. Þeir voru allir fálátir. Hann spurði þá einkis og þeir eigi heldur hann. Að stundu liðinni gengu þeir heim og hann með þeim. Þeir komu þar að litlum húsum og leiddu gestinn inn. Ekki sá hann þar annað manna en sjö kvenmenn og sjö karlmenn.

Um kvöldið var honum vísað til rúms og svaf einn heimamaður hjá honum. Þarna var bóndi hjá þessum mönnum allan veturinn, spurði einkis og var einkis spurður. Þar var alla tíð myrkur og allt unnið við vaxljós sem loguðu nótt og dag. Ekki var annað til matar en silungur.

Undir vorið talar rekkjunaatur bónda við hann einhverju sinni og segir: "Þú

hefir verið hér hjá oss með mikilli siðsemi, hefir hagað þér vel og einkis spurt um hagi okkar. Áður hafa hingað villst nokkrir menn, en voru flestir spurulir og ósiðsamir svo vér rákum þá frá oss og hafa þeir týnst.

Þetta fólk er hingað komið á sama hátt og þú, að það hefir oltið ofan með stóra steininum niðri þenna myrkheim, og sést hér aldrei dagsljós. Vér höfum ei sótt eftir að fara upp á jörðina því oss þótti þar illt að vera meðal vondra manna. En þú ert góður maður og vildum vér gjarna þú dveldir með oss, en vér vitum þú átt góða konu og góð börn. Því viljum vér leyfa þér upp til þeirra; þau þurfa og þinnar forsjár.

Hæðin sleipa sem þú klifraðir yfir er dreki á gulli. Hann er hið versta forað og aldrei fært yfir hann að komast til uppgöngunnar nema tvisvar á ári, því þá sefur hann. Nú er annar sá tími er hann sefur og skaltu nota þá stund. Mun ég fylgja þér að myrkheimsdyrum."

Bóndi þakkar lagsmanni sínum þessa góðvild og fer nú með honum af stað eftir að hann hafði kvatt heimafólkið og þakkað fyrir veturvistina. Þeir fara yfir vatnið og til drekans. Þar skilja þeir og kveðjast vinsamlega. Bóndi klifrar yfir orminn og finnur uppgönguna. Baggin og stafur hans voru enn undir steininum; hann tekur hvortveggja og heldur heim til sín.

Konan og börnin urðu sárfeigin að sjá hann því allir héldu hann löngu dauðan. Góðir nágrannar höfðu gefið konu hans og börnum uppeldi um veturinn svo enginn leið nauð. Eftir þetta blessaðist bóndi ár frá ári betur og var alla sína daga góður maður og ráðvundur, guðhræddur og þakklátur við guð og menn.

(Þjóðsagnasafn Jóns Árnasonar)

Samantekt vikuna 30. júní til 7. júlí 2008

LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Alls voru 300 mál þessa vikuna á Hvolsvelli.

Mikill viðbúnaður var hjá lögreglunni á Hvolsvelli vegna Landsmóts hestamanna á Gaddstaðflötum, sem haldið var í vikunni. Mótið fór vel fram og eru lögreglumenn afar sáttir við þá stemmingu sem var á mótinu. Tilkynt var um í átta tilfellum um slagsmál inn á mótssvæðinu, en engar kærur vegna líkamsárása hafa verið lagðar fram. Sex minniháttar fíkniefnamál komu upp inni á mótssvæðinu. Öflugt eftirlit var með þessum málaflokki og voru menn frá fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu okkur til aðstoðar. Flugbjörgunarsveitarmenn frá Hellu sáu um gæsluna inni á svæðinu ásamt lögreglu og eru menn afar sáttir með samstarfið og mótshaldið. Fór mótið mjög vel fram í alla staði en er mest var á mótinu er talið að um 13 – 15 þúsund manns hafi verið þar.

Hvað varðar önnur mál sem upp komu í vikunni má nefna að 110 ökumenn voru stöðvaðir fyrir að aka of hratt en sá sem hraðast ók var á 140 km hraða og má hann búast við 90 þúsund króna sekt. Frá áramótum hafa 1062 verið stöðvaðir fyrir að aka of hratt af lögreglunni á Hvolsvelli. Í vikunni voru átta ökumenn stöðvaðir grunaðir um að hafa ekið undir áhrifum afengis. Einnig voru fimm ökumenn stöðvaðir grunaðir um að hafa ekið undir áhrifum fíkniefna. Fjórir þjófnaðir voru tilkynntir í vikunni og þar af var bakpoka stolið utan við

Kjarval á Hellu en erlendur ferðamaður brá sér þar inn og á meðan var stórum bakpoka hans með vegabréfum hans, farseðlum og eigum. Um er að ræða Vortex bakpoka sem er grár og blár að lit. Fjögur umferðaróhöpp voru tilkynnt í vikunni en engin slys urðu á fólki. Hjólhýsi fauk á hliðina undir Eyjafjöllum en það var á ferð aftan í bíl er vindhviða tók það.

Alls voru 16 fíkniefnamál sem komu upp í vikunni en fíkniefnadeild og lögreglan voru með eftirlit og stöðvuðu umferð á Suðurlandsvegi. Þetta skilað tíu fíkniefnamálum og í einu tilvikanna var um umtalsvert magn að ræða. Í þessu eftirliti kom einnig í ljós fíkniefnaakstur. Þess má geta að fíkniefni geta verið lengi í blóði og þvagi í allt að sex vikur eftir neyslu. Þetta hefur gríðalegt forvarnargildi í för með sér en þeir sem neyta fíkniefna standa frammi fyrir því að hætta neyslu ætli þeir að halda ökuréttindunum. Ekkert má mælast í viðkomandi þannið að hann verði ekki að lágmarki sviptur ökuleyfi í 3 mánuði.

Þar sem veður hefur hlýnað hefur vatn í ám aukist. Biðjum við þá sem eru á leið um svæði þar sem ár eru að fara varlega og ekki leggja í neina tvísýnu. Einnig er það góð regla að vera aldrei einn á ferð yfir ár, vera með a.m.k. öðrum jeppa í samfloti, fólk er hvatt til að leita sér upplýsingar um vöð og vötn hjá nálægum skálum.



Mynd tekin í Skaftárhreppi. (GII)

Hestamannafélagið Sindri auglýsir



FÉLAGSFERÐ ÁRSINS 2008

Í ár er stefnan tekin í Þórsmörkina, helgina 8-10 ágúst nk.

Búið er að panta gistingu þar í 2 nætur.

Verð fyrir gistingu er krónur 4200 á mann.

Annar kostnaður gefin upp er nær dregur.

Ferðaáætlun hljóðar nokkurn vegin svona:

Föstudagur- riðið verður frá Efstu-Grund inni Þórsmörk

Laugardagur- útreiðartúr um mörkina og sameigninlegur kvöldverður

Sunnudagur- riðið aftur niður að Efstu-Grund

(hólf verður fyrir hrossin á Efstu-Grund)

*Ferð eins og þessi, getur verið eins
og kunnugir víta ansi strembin.
Svo ákveðið hefur verið að miða við 14 ára
(á árinu) aldurstakmark.*

Þeir foreldar sem treysta yngri börnum með, hafa þá alla ábyrgð og umsjón með þeim sjálfir.

Skráningu skal lokið eigi síðar en sunnudaginn 27. júlí nk.

Skráning fer fram hjá:

Andrínu í síma 8963433

Atla í síma 8694818

Láru í síma 8634310

Siggu Lóu í síma 8983541

Fyrir hönd hmf Sindra
Ferða- og fræðslunefnd.

“För” fær heimsókn frá Hull

Þann 9. júlí er von er á heimsókn 40 stúdenta og 4 kennara frá Hymers College, sem er virtur skóli í Hull. Hópurinn ber kveðju borgarstjóra og sjómannaráðs Hull.

Tilgangur heimsóknarinnar er að skoða "systur" minnismerki Farar. Kolbrún Hjörleifsdóttir, skólastjóri grunnskóla Mýrdalshrepps mun taka á móti hópnum f.h. sveitarstjóra. Steinunn Þórarinsdóttir listamaður og skapari minnismerkisins mun ávarpa hópinn sem síðar gengur í Brydebúð og sýningarnar skoðaðar

Tekið af vef Mýrdalshrepps: www.vik.is



Galdrakarlinn í Oz í Vík

Víkarar eiga von á góðum gestum því Leikhópurinn Lotta ætlar að kíkja í heimsókn til Víkur laugardaginn 12. júlí n.k. kl. 17:00 með fjölskyldusýninguna Galdrakarlinn í Oz.

Leikhópurinn er á ferðalagi og mun sýna víðsvegar um landið en leikhópurinn heimsótti okkur einmitt í júlímánuði á síðasta ári og sýndi okkur Dýrin í Hálsaskógi við miklar vinsældir.

Dóróthea ætlar sér að vera á Syngjandanum ásamt vinum sínum og verður sýningin undir berum himni og er fólk hvatt til að klæða sig eftir veðri.

Alvöru Sveitaball

ERROR: nocurrentpoint
OFFENDING COMMAND: currentpoint

STACK:

true
-1
false
0
-null-
-null-
-null-
-null-
0
0
0
0